# ALMENNAR STAÐARREGLUR
# UM HEGÐUN LEIKMANNA

Leikmenn skulu við golfleik á golfvöllum Golfklúbbs Reykjavíkur haga framkomu sinni allri í samræmi við 10. gr. Móta og keppendareglna GSÍ og samkvæmt siðareglum ÍSÍ og hegðunarviðmiðum þess.

Brot á hegðunarreglunum geta varðað vítum, samanber eftirfarandi dæmi:

| Eðli brots | Fyrsta brot | Annað brot | Þriðja brot | Fjórða brot |
|---|---|---|---|---|
| **Minniháttar brot, t.d.:**<br>• Truflun vegna síma<br>• Torfusneplar ekki settir á sinn stað | Áminning | Eitt vítahögg | Almennt víti | Frávísun |
| **Almenn brot, t.d.:**<br>• Óvirðing við starfsmenn<br>• Óvirðing eða tillitsleysi við aðra leikmenn<br>• Kasta kylfu í bræðiskasti | Eitt vítahögg | Almennt víti | Frávísun | |
| **Alvarleg brot, t.d.:**<br>• Óþarfa skemmdir á flötum<br>• Kasta kylfu í bræðiskasti og setja einhvern einstakling í hættu | Almennt víti | Frávísun | | |
| **Mjög alvarleg brot, t.d.:**<br>• Líkamsárás<br>• Að hafa rangt við<br>• Neysla vímuefna | Frávísun | | | |

Brot safnast upp innan sama móts, þ.e. horft er á keppnina í heild sinni þegar litið er til endurtekinna brota.

Framangreind dæmi eru alls ekki tæmandi heldur einungis til viðmiðunar.
Lokaákvörðun um víti er ávallt í höndum dómara og mótsstjórnar.